

VERÐMÆTIR SETSTOKKAR: TILGÁTUKENNING

Opið bréf til Haralds Bessasonar frá Helgu Kress

Kæri Haraldur!

Í tilefni merkisafmælis þíns sendi ég þér smápistil um upphaf landafunda, hugmynd sem ég reifaði við þig í rútubíl á leið í Dali vestur eftir Vínlandsráðstefnuna í haust til að skoða tilgátubæinn sem risinn er á Eiríksstöðum í Haukadal. Hjalagt er fylgiskjal með heimildum ef þú skyldir vilja kynna þér efnið nánar. Til blaðsíðutals er hins vegar vísað í meginmáli. Stafsetning er færð til nútímahorfs. Skammstafanir heimilda treysti ég þér til að ráða í sjálfur.

Upphaf landafunda voru deilur Eiríks rauða, þá til heimilis í Öxney á Breiðafirði, við Þorgest nokkurn á Breiðabólstað á Skógarströnd um setstokka sem Eiríkur hafði lánað Þorgesti en Þorgestur neitaði að skíla. Þetta endaði með ósköpum. Eiríkur fór sjálfur að sækja setstokkana og drap syni Þorgests í leiðinni. Við þetta móðgaðist Þorgestur og fór í mál. Eiríkur var dæmdur útlægur og fann Grænland.

Þegar ekið er í hlað á Eiríksstöðum blasir við stórt skilti með upplýsingum um Eirík rauða og fjölskyldu hans, ásamt tildrögum þess að þau stoppuðu þar svo stutt við en hrökkludust burt, fyrst í eyjar út og síðan vestur um haf. Um setstokkana segir þarna, að hluta til í *praesens historicum* til að gera frásögnina æsilegri:

Eiríkur lendir í hatrömmum deilum við Þorgest bónda á Breiðabólstað á Skógarströnd vegna verðmætra setstokka sem hann hafði fengið Þorgesti

til varðveislu en Þorgestur neitaði að skila. Eiríkur vegur tvo syni Þorgests í fjölmönnum bardaga hjá Dröngum á Skógarströnd. Eftir það voru miklir flokkadrættir milli liðsmanna beggja en að lokum var Eiríkur dæmdur sekur á Þórsnesþingi. Þá taldi hann sér ekki lengur vært á Íslandi.

Við þessa söguskýringu er ýmislegt að athuga. Í fyrsta lagi hefur lýsingarorði verið bætt við þá heimild sem skiltið hlýtur að styðjast við, sögu hetjunnar sjálftrar, *Eiríks sögu rauða*, en þar er ekki sagt orð um verðmæti setstokkanna. Það segir sig reyndar sjálft að verðmætir hljóta stökkarnir að hafa verið úr því að þeir ollu landafundum. Þá kemur það fram á skiltinu að Eiríkur hafi fengið Þorgesti stökkana til varðveislu, sem er dálítið annað en að lána þá. Að síðustu er látið að því liggja að Eiríkur hafi farið að eigin frumkvæði, en það gerði hann ekki. Honum var kastað burt af landinu og út í hafsauga. Og heppinn var hann að finna þar land. Með því sver hann sig greinilega í ætt sonar síns sem fann Ameríku. Það var reyndar annar búinn að finna Grænland á undan Eiríki, rétt eins og aðrir voru búnir að finna Ameríku á undan Leifi (en hún hafði reyndar aldrei verið týnd).

Þegar *Eiríks saga* hefur sagt frá því að Eiríkur hafi verið rekinn úr Haukadal og kominn út í eyjar víkur frásögninni að setstokkabardaga. Rennir hún stoðum undir að stökkarnir hafa verið Eiríki svo verðmætir að hann hefur ekki viljað skilja þá eftir í Haukadal. En hann er greiðvikkinn og til í að lána þá nágrönnum sínum sem áttu ekki svona fína stokka og þurftu tímabundið á þeim að halda:

Þá léði hann Þorgesti setstokka. Síðan fór Eiríkur í Öxney og bjó á Eiríksstöðum. Þá heimti hann setstokkana og náði eigi. Eiríkur sótti setstokkana á Breiðabólstað, en Þorgestur fór eftir honum. Þeir börðust skammt frá garði að Dröngum. Þar féllu tveir synir Þorgests og nokkrir menn aðrir. (ÍF IV, 198)

Í *Grænlandinga sögu* er frásögnin styttri. Hún fókuserar á setstokkana, hefur engan áhuga á mannfallinu en vísar um það til *Eiríks sögu*: „Hann léði Þorgesti á Breiðabólstað setstokka og náði eigi, er hann kallaði til. Þaðan af gerðust deilur og bardagar með þeim Þorgesti, sem segir í sögu

Eiríks.“ (ÍF IV, 241) Sem dæmi um frægð setstokkanna má nefna að þeirra er einnig getið í *Eyrbyggju* í sambandi við málaferlin sem af þeim spruttu: „Á þessu sama þingi sóttu þeir Þorgestur hinn gamli og synir Þórðar gellis Eirík inn rauða um víg sona Þorgests, er látist höfðu um haustið, þá er Eiríkur sótti setstokkana á Breiðabólstað.“ (ÍF IV, 59) Enn kemur þessi merka frásögn fyrir í *Landnámu*: „þá léði hann Þorgesti setstokka. Síðan fór Eiríkur í Öxney og bjó á Eiríksstöðum; þá heimti hann setstokkana og náði eigi. Eiríkur sótti setstokkana á Breiðabólstað, en Þorgestur fór eftir honum; þeir börðust skammt frá garði að Dröngum. Þar féllu tveir synir Þorgests og nokkrir menn aðrir.“ (ÍF I, 130-131).

Neðanmálsgreinar við útgáfu Íslendingasagna í Íslenskum fornritum sem hér er vitnað til eru ákaflega forvitnilegar aflestrar, og svo virðist sem höfundur skiltisins hafi sótt vitneskju sína í þær. Þannig skýrir útgefandi *Eiríks sögu* setstokkana neðanmáls og segir: „Þessir setstokkar Eiríks hafa að líkindum verið með nokkurum ágætum, ef til vill útskornir.“ (ÍF IV, 198 nm). Það er til marks um varfærni fræðimannsins að hann dregur þrisvar úr skoðun sinni með móðifiserandi orðum eins og „að líkindum“, „með nokkurum“ og „ef til vill“. Skýringuna hefur hann ef til vill frá útgefanda *Eyrbyggju* sem nokkru fyrr í sama riti segir neðanmáls um setstokkana í þeirri sögu:

Setstokkar voru stokkar framan á setunum, líkt og rúmstokkar á rúnum; setin voru meðfram veggjum skálans, var setið þar á daginn, en sofið um nætur. Setstokkarnir voru í miklum metum hafðir, sem hér má sjá; ætla menn, að þeir hafi verið útskornir. (ÍF IV, 59 nm)

Að hans áliti eru setstokkarnir mikils metnir af því að um þá var barist. Þetta eru athyglisverð rök og undir þau tekur útgefandi *Landnámu* þar sem hann vísar í þau um skýringu á setstokkunum, en lætur þá að öðru leyti eiga sig. Útgefandi *Eyrbyggju* nefnir ekki heimild sína fyrir því að setstokkarnir kunni að hafa verið útskornir. En það er líka óþarfi því að heimildin blasir við: skáldsaga Jónasar Kristjánssonar, *Veröld víð*, sem kom út fyrir tveimur árum og fjallar um svo tímabært efni sem landa-fundi Íslendinga vestanhafs. Setstokkunum gerir hann svo hátt undir

höfði að hann lætur sögu sína byrja á þeim. Eiríkur kemur siglandi, ryðst inn í bæ Þorgests að honum fjarverandi og heimtar setstokkana. Kona Þorgests er kvenhetja og neitar að afhenda stokkana, þar sem um þá hafi verið gerður kaupmáli. Á áhrifamiklu augnabliki litast þau um og við upplifum setstokkana með augum sjónarvotta:

Bæði litu í sömu átt, niður á setstokkana fyrir fótum sér. Síðan yfir skálann þveran, á stokkana sem með sama móti prýddu bekkinn hinumegin, beggja vegna öndvegis. Allir voru stokkarnir skornir myndum úr fornum sögum og steindir ýmsum litum. Í sólarglætunni sem barst ofan um rúmgott reykopið mátti greina Þór með sítt skegg og hamar á lofti, en andspænis honum stóð Þjassi jötunn og hafði skotið skildi undir fætur sér. (6)

Það kemur svo á daginn að stokkarnir eru ættargóss, faðir Eiríks hafði gefið honum þá í elli sinni, og á sama hátt á sonur Eiríks frumgetinn að erfa þá eftir hans dag, þ.e.a.s. Leifur heppni, sá sem fann Ameríku, en hann hlýtur að vera frumburðurinn. Að vísu er Þorsteinn nefndur á undan honum í *Eiríks sögu*, en þar er vafalaust um misskilning og seinni tíma viðbót að ræða. Verra er að þetta kann að benda til að stokkarnir séu norskir og að karlinn hafi haft þá með sér þegar hann var rekinn frá Noregi ásamt sínum frumgetna, ef ekki eingetna, syni því að hvergi er minnst á móðurina. En þó hefur ekkert verið sannað í þessu efni, og eins víst að stokkarnir séu smíðaðir úr skóglendi Hornstranda þar sem þeir feðgar námu land.

Samkvæmt sögu Jónasar eru setstokkarnir fjórir, sem er mjög hagkvæmt því að þannig geta þeir Eiríkur og hans menn axlað þá. Hann ansar ekki mótmælum konunnar, en snýr sér „hvatlega að bekknum og laust bylmingshögg innan á setstokkinn með krepptum hnefa svo að hann hrökk fram á gólf. Með sama hætti leysti hann hina stokkana þrjá hvern af öðrum.“ (7) Síðan hleypur hann með þá burt, Þorgestur fer á eftir og framhaldið þekkjum við.

Það er augljóst að frásagnir *Eiríks sögu*, *Grænlandinga sögu*, *Eyrbyggju* og *Landnámu* eru útdrættir, og eins og útgefandi *Eyrbyggju* bendir á er „frásögnin svo lík, að vafalaust er sama ritaða frumheimildin“ (ÍF IV,

XVIII). Undir þetta taka útgefandi *Landnámu*: „sennilega útdráttur úr sömu heimild“ (ÍF I, 131 nm), og útgefandi Skálholtsbókar *Eiríks sögu*, en hann ritar svo í formála: „Allt sem segir í 2. kap. af athöfnum Eiríks rauða frá því að hann settist að í Haukadale og þar til hann fór að leita Grænlands er því líkast að það sé útdráttur úr annarri heimild rækilegri.“ (ÍF IV (1985), 35)

Þessi sameiginlega frumheild *Eiríks sögu* getur tæpast verið saga Jónasar, þótt ekki sé alveg fyrir það að synja, og skortir hér frekari rannsóknir. Sennilegra er að báðar noti sögurnar sömu frumheimild sem þær hafa unnið úr á mismunandi hátt. *Eiríks saga* (og tilheyrandi *corpus*) velur að þegja um hið rétta hlutverk stökkanna, Jónas leiðir þá til öndvegis og gerir að stofustássi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að Íslendingasögur eiga það til að vera með gróteskar lýsingar og sýna áhuga á líkamsstarfsemi manna, einkum þeirri sem varðar neðri hluta líkamans. Þessum lýsingum hefur síðari tíma smekkmönnum, hvort heldur það eru ritarar sagnanna eða útgefendur þeirra, tekist að hreinsa að mestu burt áður en þær koma fyrir almennings sjónir. Dæmi um þetta er hlandið í *Njálu*, notað til að slökkva með eld, en því hefur útgefandi breytt í vatn. Um þetta hef ég m.a. ritað í grein minni „Njálsbrenna, karnival í Landeyjum“, sjá einkum kaflann „Viðbætur um hreinsun grótesku“ á bls. 164.

Ég leyfi mér hér í þessu afmælisbréfi að setja fram formlega þá tilgátukenningu að setstokkar Eiríks séu kamarsetur sem ekki hafi þótt við hæfi að lýsa nánar í sögu hans, enda ástæðulaust að gera ráð fyrir að svo miklir landafundamenn sem þeir Eiríkur hafi þurft á slíkum setum að halda. Hvað þá að þær hafi orðið til þess að Ameríka fannst. Þessi tilgáta styðst við bæði málfræðileg og söguleg rök, eins og sýnt verður fram á hér á eftir. Einnig ber á það að líta að setstokkunum er alfarið sleppt í frásögn *Íslendingabókar* af landafundum Eiríks, en hún er það rit íslenskt sem lengst gengur í hreinsun grótesku.

Setstokkarnir hafa verið færanlegar kamarsetur sem Eiríkur hefur getað flutt með sér hvert sem hann fór og einnig lánað nágrönnum sínum, ef

svo bar undir, t.a.m. ef setja þurfti upp kamra fyrir mannmargar veislur. Það hefur verið hægt að koma þeim léttilega fyrir á stórum kömrum, t.a.m. af stærðinni 2,5 x 5 eins og uppgrafni kamarinn á Þjóðveldisbænum Stöng sem hafði setur fyrir marga og setið var á meðfram langveggjum. Þennan kamar kynnir Hörður Ágústsson í riti sínu *Hér stóð bær* um leið og hann býður lesendum með sér til stofu:

Beint á móti eru dyr, sem ganga í gegnum skálavegginn til kamars. Ef við lítum inn í kamarinn í leiðinni, sjást rennur á báða bóga, og kamarsaugun eru beint út af þeim í gegnum gaflinn. Á vinstri hönd er hella með skarði í að ofan, sem verið hefur fyrir setutrú.

Varla er hægt að óska sér betri lýsingar á kamri með setstokkum. Henni fylgir uppdráttur af kamrinum þar sem glögg má sjá hvernig hann er gerður og til hvers (sjá einnig *Sögu Íslands* IV, 274). En svo bælt hefur þetta ákveðna hús verið í vitund manna að fræðimenn áttu til skamms tíma bágð með að trúa því þótt þeir sæju það. Í ritinu *Forntida gárdar í Island* sem kom út í Kaupmannahöfn 1943 fjallar Aage Roussel um uppgröftinn á Stöng og sýnir af honum bæði uppdrátt og ljósmyndir. Á bls. 89 birtir hann tvær stórar ljósmyndir af húsi V, þar sem önnur er tekin í átt að dyrum og sýnir hvernig rennum er lokað með hellum, og hin í átt að niðurfalli þar sem rennur fara út um göt (þ.e. „kamarsaugu“, sbr. *Hér stóð bær*, eða „sauraugu“, sbr. *Sögu Íslands* IV, 276). Nákvæmlega sami strúktúr virðist vera á fjósinu sem einnig er stór ljósmynd af í bókinni. Fornleifafræðingurinn er alveg gáttaður á húsi V og botnar ekkert í til hvers það hefur verið notað. Helst dettur honum í hug að það hafi verið kælibúr fyrir kjöt og rennurnar notaðar fyrir ís eða snjó. Samt er augljóst af nákvæmri lýsingu hans á fyrirbrigðinu að hér getur ekki verið um annað en kamar að ræða. Á einum stað verður lýsing hans vægast sagt grótesk og þar hefur hann líka ráðþrota yfir eigin uppgötvun sett spurningarkerki í sviga:

Renderne har svagt fald mod udløbsaabningen. I den anden ende afsluttes de med en lodretstillet flise [...], i den venstre er i overkanten et hak, som om den har baaret en bjælke. Rendernes stensatte inderkanter er noget

hævet over det fasttrampede gulv. I den østre rende laa et klæbrigst stof (?). Der har ikke været ildsted i rummet, hvis anvendelse iøvrigt er uklar. Den rimeligste forklaring synes at være, at man har indrettet sig et kølerum ved at lægge is eller sne i renderne, hvorover kødet kunde hænge paa langmurene. (*Forntida gårdar*, 90)

Kristján Eldjárn fjallar um kamarinn á Stöng undir uppsláttarorðinu „Hemmelighed“ í *Kulturhistorisk leksikon* VI. Hann segir að við uppgröftinn hafi verið konstatuð „en lille bygning, der støder til hallen (*skáli*) og som med stor sandsynlighed kan tolkes som h.“ Hann lýsir síðan rennunum og setstokknum: „Et sæde af træ har åbenbart været anbragt over disse render og flere personer har kunnet benytte huset samtidig.“ (447)

Ekki hafa varðveist margar lýsingar á kömrum í íslenskum forn- bókmenntum, allavega ekki í prentuðum útgáfum. Þó vísar Valtýr Guðmundsson til nokkurra í doktorsriti sínu *Privatboligen på Island frá 1889* þar sem hann tileinkar þeim heila síðu undir hinni hæversku fyrirsögn „Retiraden“ (246). Nöfnin sem hann ténir til yfir fyrirbærið eru þessi í virðingarröð: heimilishús, garðhús, salerni, náðhús, kamar, og að síðustu: sethús. Ekki hefur Valtýr kannað það sérstaklega hvernig setununum var háttað, en upplýsingar um það má finna annars staðar.

Setstokkar gegna mörgum hlutverkum eins og sjá má í fornum ritum. Fyrir utan að vera algengir í eldhúsi og skála var vinsælt að berjast með þeim, og er fjöldi frásagna til vitnis um það. Einnig mátti hafa þá fyrir öndvegissúlur eins og Hallsteinn gerir í *Flóamanna sögu*, þegar hann kastar „setstokkum fyrir borð í hafi til heilla sér eftir fornum síð“ (ÍF XIII, 238) og nemur í framhaldi af því Stokkseyri. Ekkert af þessum hlutverkum útilokar að ekki hafi einnig og ef til vill stundum jafnframt (þar sem viður var af skornum skammti) verið hægt að nota stökkana sér til hagræðis á kamri.

Í *Grágás*, hinni fornu lögbók Íslendinga, er kamar nefndur einu sinni. Það er í Víglóða, kafla LXXVI sem heitir „Um hunda“ og gefur reglur um hvernig hundar skuli haga sér á kamri: „Nú er hundur bundinn í kamri, þá skal hann eigi taka til manns er hann gengur til kamars, eður sest á tré, eður tekur sér borðfæri.“ (260) „Að setjast á tré“ gerir ráð fyrir

setstokk svo að hér má slá því föstu að setstokkar hafi verið á kömrum. Í annál við árið 1343 sem varðveist hefur í *Flateyjarbók* segir frá systur einni í Kirkjubæ, Kristínu að nafni, sem hafi gefist púkanum með bréfi og verið brennd. Hún hafði reyndar gert ýmislegt af sér annað: „Hún hafði og misfarið með guðs líkama og kastað aftur um náðahústré, lagst með mörgum leikmönnum.“ (IV, 349)

„Náðahústré“ er fallett orð og í orðabók sinni yfir formálið skýrir Fritzner það beinlínis sem stokk sem setið er á, þ.e. setstokk, um leið og hann samsamar sig notendum: „náðahústré: *Træ, Stokk þá hvílen man sættr sig, sittr i náðahús naarr man der er genginn nauðsynja sinna, vill gera nauðsynjar sínar.*“ (II, 779) Um orðið „náðahús“ gefur hann tvær samtvinnuðar merkingar: 1) *Kabinet*, og 2) *Privet*. „Kabinet“ merkir leyndarráð og vísar til þess konunglega athæfis að sitja lengi með hirðmönnum sínum á kamri til að ráða þar ráðum sínum. Síðari tíma rannsóknir erlendar sýna einnig fram á að feitmetið sem konungarnir lögðu sér til munns hafi verið tormelt og gert að verkum að þeim var nauðsyn að sitja lengi á kamri. Þetta hlutverk kamars hefur varðveist í norræna orðinu „heimilishús“ sem merkir ekki kamar á heimili, eins og beinast liggur við að skilja það, heldur heimuglegt hús þar sem rædd eru mál sem fara skuli leynt.

Eina traustustu heimildina um þess háttar heimilishús er að finna í „Þorsteins þætti skelks“ í *Flateyjarbók*, og er sú frásögn merkileg fyrir fleiri hluta sakir. Segir þar frá Ólafi konungi Tryggvasyni sem fer að veislum með fjölmenna hirð sína og kemur á bæ einn. Um kvöldið þegar menn sitja „yfir drykkjuborðum, talaði Ólafur konungur, að engi maður af hans mönnum skyldi einn saman fara í salerni um náttina, því að hver, sem ganga beiddist, skyldi með sér kalla sinn rekkjufélaga, ella kvað hann eigi mundu hlýða“ (I, 462). Með í för er Íslendingur einn, Þorsteinn að nafni. Hann vaknar um nóttina en tekst ekki að vekja rekkjufélaga sinn, sem er ekki nema eðlilegt eftir alla drykkjuna. Hann gengur því einn „til heimilishúss“ (I, 462) sem reynist engin smásmíði: „Það var stórt hús, svo að ellefu menn máttu sitja hvoru megin.“ (I, 462) Byggingin minnir á hús V á Stöng, þarna eru setur báðum megin

og pláss fyrir alla hirðina, eða a.m.k. mikinn hluta hennar. Er setunum lýst nákvæmlega. Þær kunna að hafa verið skornar út með tuttugu og tveimur opum, þótt ekki sé loku fyrir það skotið að þetta séu einungis stokkar, tveir langir, eða fjórir styttri, sem setið var framan á. Þorsteinn sest skiljanlega á ystu setu og hefur ekki setið lengi þegar púki kemur upp á innstu setu og situr þar. Þorsteinn fær engan frið til athafna sinna fyrir púkanum sem hoppar á setunum og færist sífellt nær. Að lokum er svo að Þorsteini þrengt að hann fellur í óvit og ekkert annað en klukkna hlómur fær bjargað honum. Púkinn steypist niður í gólfíð „og mátti lengi heyra yminn niður í jörðina“ (I, 464).

Í þessari frásögn má sjá borðhaldið og drykkjuna sem gjarnan tengist konunglegum kamarsferðum, og er boðskapur hennar sá að hættulegt sé að fara einn á kamar og vissara að vera fleiri saman. Það er líka venjan og bara „einrænin“ (I, 464) Íslendingar, eins og konungur orðar það, sem óhlýðnast því.

Öðrum og ekki síður tignarlegum kamri er lýst í *Ólafs sögu helga* og er þar ýmist nefndur „heimilishús“, „náðhús“, „hið mikla salerni“, „hið mikla garðhús“ eða „annað hús“, allt eftir því hvaða lesháttur er valinn. Konungur fer að veislum og er staddur í Túnsbergi. Þarna er fjölmenni og mikið drukkið. Hrærekur konungur, sem er í haldi, drekkur mikinn. Um nóttina vekur hann gæslumenn sína og „vill ganga til garðs“, þ.e. sbr. *Fornmannasögur* IV, 168 og *Heimskringlu* II, 121, en í *Flateyjarbók* II, 165, vill hann „ganga til heimilishúss“. Þetta er mjög myndræn lýsing. Myrkur var á mikið og þeir hafa með sér skriðljós eins og til að lýsa upp sviðið fyrir áheyrendum/lesendum. „Salerni var í garðinum“, segir í *Fornmannasögum* IV, 168, og stóð það „á stólpum“. Í *Heimskringlu* II, 121, stendur það „á stöfum“. *Flateyjarbók* er hlutlaus hvað þetta varðar, en tekur fram að „loftrið var að ganga til salernisins“ (II, 165) og er það í samræmi við hina leshættina tvo. Af þessum frásögnum má ljóst vera að salernið hefur haft status hásetis. Þar sem þeir sitja þarna þrír saman „í náðhúsinu“ (*Flateyjarbók* II, 165), en á slíkum stöðum eru allir jafnir, heyra þeir brest mikinn og dett. Hrærekur biður gæslumennina að fara út og skilja þá sem þar slást. Þeir gera það og eru samstundis höggfir af

mönnum Hræreks sem sitja þar fyrir þeim. En fleiri þurfa til salernis þessa nótt, og viku nú sögunni að Sighvati skáldi sem sefur í herbergi Ólafs konungs. „Hann stóð upp um nóttina og skósveinn hans með honum og gengu út til ins mikla salernis.“ Hér er valinn lesháttur *Heimskringlu* II, 121. Í *Fornmannasögum* IV, 169, ganga þeir til „hins mikla garðhúss“ og í *Flateyjarbók* II, 165, til „annars húss“, og er þar um skrauthvörf að ræða. Þegar þeir eru búnir og á leiðinni niður loftriðið skrikar Sighvati fótur í blóði hinna drepnu gæslumanna, enda bratt niður að fara, og sér hvers kyns er. Hrærekur er á bak og burt og hefur forðað sér með aðstoð kamarsins.

Samkvæmt þessum heimildum hefur „hið mikla salerni“ Ólafs konungs helga verið byggt á stólpum eins og salernið sem lýst er í *Grettis sögu*, í frásögninni af því þegar Grettir bjargar konum á Háramarsey frá nauðgun berserkja. Hann lokkar þá að fatabúri bóndans til að skoða gripi, en búrið er sambyggt miklu salerni:

Þeir létu það leiðast; komu þeir að útibúri ákaflega stóru. Þar voru á útidyr og sterkur lás fyrir; það var allsterkt hús. Þar var hjá salerni mikið og sterkt og eitt skjaldþili milli húsanna; húsin stóðu hátt, og var nokkuð rið upp að ganga. (ÍF VII, 66)

Grettir læsir þá þarna inni meðan hann nær í vopn og liðsauka. Þegar berserkirnir átta sig á þessu brjóta þeir þilið og koma sér út gegnum salernið. Þar tekur Grettir við þeim og drepur þá hvern af öðrum, „en þeir vörðust með trjám er lágu á vellinum“ (68), sennilega setstokkunum af salerninu sem allt var brotið og bramlað. Neðanmáls fylgir frásögninni mikil og metnaðarfull skýring á útgönguleið berserkjanna. Og má þar segja að dulinn áhugi fræðimannsins á kamarsmálum brjótist fram. Skýringunni fylgir uppdráttur, sem er einsdæmi í neðanmálgreinum Íslenskra fornrita, „grunnmynd [...] eftir því sem næst verður komið af lýsingu sögunnar“ (68 nm). Myndin er að vísu aðeins sögð vera af „fatabúri Þorfinns“, en er ekki síður af áföstum kamrinum. Í formála telur útgefandi að ekki sé hægt að benda á ákveðna heimild fyrir þessari sögn og hafi norskur fræðimaður bent á það í bréfi til sín að hún bæri vott um

„bóklegan uppruna eða frásögn einhvers lærðs manns“ sem „sennilegast“ hafi verið „einhver prestur eða annar bóklærður maður“ (ÍF VII, LX).

Þessir stóru kamrar sem hér hefur verið tæpt á eru allir í Noregi. Athyglisvert er að í öllum frásögnunum eru Íslendingar, og er ekki ólíklegt að þeir hafi borið hugmyndina heim til sín.

Þótt Eiríkur hafi verið ójafnaðarmaður, og sennilega kallaður rauði vegna blóðsúthellinga, verður það ekki af honum skafið að hann var snyrtimenni og framúrstefnumaður á því sviði. Hann forðaðist að nema land í Saurbæ og Eyjólf saur þoldi hann ekki nálægt sér og drap. Um þessar mundir fór fram mikil umræða um hreinlætismál í sveitum Breiðafjarðar, og mega Breiðfirðingar teljast langt á undan sínum tíma hvað þetta varðar. Í upphafi var að vísu nokkuð um þetta deilt, eins og frásögn *Eyrbyggju* af baráttu Þorsteins þorskabíts gegn saurgun þingvallarins í Þórsnesi ber með sér. „Þar var og svo mikill helgistaður, að hann vildi með engu móti láta saurga völlinn, hvorki í heiftarblóði, og eigi skyldi þar álfrek ganga, og var haft til þess sker eitt, er Dritsker var kallað.“ (ÍF IV, 10) Dritsker er elsta íslenska heimildin um sérstakan stað til þessara hluta, og gekk í fyrstu illa að fá menn til að notfæra sér skerið. T.a.m. þótti Kjalleklingum það ofmetnaður að fá ekki að nota þingvöllinn, sögðu „að þeir myndu ganga þar örna sinna sem annars staðar á mannfundum á grasi,“ og „lýstu þeir þá yfir því, að þeir myndu eigi troða skó til að ganga þar í útsker til álfreka“ (15). Þegar þeir eitt sinn á þingi ætla að ganga saman út á völlinn eftir að hafa matast vel grípa Þórsnesingar til vopna „og runnu eftir þeim með ópi og eggjan“ (16). Hefst nú álíka eltingarleikur og í *Eiríks sögu* þegar Þorgestur reyndi að ná setstokkunum af Eiríki. Það slær í bardaga sem hlýtur að hafa verið óþægilegt fyrir Kjalleklinga í því ástandi sem þeir voru, enda sáu þeir sér þann vænstan kost að flýja. Sættir í þessari deilu urðu síðan á þá leið að Kjalleklingar „myndu aldrei ganga í Dritsker örna sinna“ og eigi heldur skyldu þeir „saurga völlinn“ (17). Þingið var lagt niður á þessum stað og stofnað til nýs þings annars staðar: „Var á því þingi hinn mesti helgistaður, en eigi var mönnum þar bannað að ganga örna sinna.“ (18)

Þetta virðist hafa vakið menn til umhugsunar því að síðar í *Eyrbyggju* er Snorri goði búinn að koma sér upp kamri sem hefur verið mikil bygging því að hann er með útidyrum og lofti yfir, líklega geymslulofti, hvað sem þar hefur verið geymt. Þessi heimild hefur varðveist vegna ráðabriggs um atlögu að Snorra. Vigfús í Drápuhlíð skipar þræli sínum að fara til Helgafells „og ganga í loft það, er þar er yfir útidyrum, og rýma fjalir í gólfinu, svo að þú fái þar lagt atgeiri í gegnum; en þá er Snorri gengur til kamars, þá skaltu leggja atgeirinum í gegnum loftsgólfid í bak Snorra, svo fast, að út gangi um kviðinn.“ (65–66) Þrællinn gerir eins og honum er sagt, en ekki fer allt sem skyldi. „Í þann tíma voru útikamrar á bæjum. En er þeir Snorri gengu frá eldinum, ætluðu þeir til kamarsins, og gekk Snorri fyrstur og bar undan út í dyrnar, áður tilræðið Svarts varð.“ (66) Hér má sjá að gengið er í virðingarröð til kamars. Við þessu hefur þrællinn ekki séð og atlagan mistekst. Vitlaus maður verður fyrir atgeirnum og þrællinn steypist niður af kamrinum og er fangaður.

Um svipað leyti er einnig kominn kamar að Laugum, en mikil vinátta var milli bæjanna, Helgafells og Lauga. Reyndar má af frásögn *Laxdælu* ráða að kamrar hafi þegar verið farnir að breiðast víðar út: „Í þann tíma var það mikil tíska, að úti var salerni og eigi allskammt frá bænum, og svo var að Laugum.“ (ÍF V, 145) Í framhaldi af þessu er sagt frá því að „Kjartan lét þar taka dyr allar á húsum og bannaði öllum mönnum útgöngu og dreitti þau inni þrjár nætur.“ (145) Þetta þótti mönnum mjög vont, enda farnir að venjast kamri. Ýmislegt bendir til að slík hreinlætismál hafi verið á hærra stigi á slóðum *Laxdælu* en annars staðar við Breiðafjörð. Þannig þróuðu menn þar svokallaðar „setgeirabækur“ (ÍF V, 96), sérstaklega hannaðar til setu á setstokkum.

Nú er hún Snorrabúð stekkur, og ekkert á Eiríksstöðum vitnar um kamar Eiríks eða hina verðmætu setstokka annað en svipdauft vatnssalerni við hlið upplýsingaskiltisins niðri við bílastæðið. Við uppgröft fornra rústa sem að bestu manna yfirsýn eru af bæ Eiríks hefur ekkert komið í ljós, og ekki heldur í tilgátubænum. Í *Eiríks sögu* er ekki heldur minnst á afdrif

setstokkanna. Þeir gufa upp úr sögunni eins og þeir hafi ekki skipt þar neinu máli. Hvað varð um þá? Hvað varð um kamarinn?

Svarið er að finna í 25. kafla *Flóamanna sögu* þar sem segir frá mannlífi í Brattahlíð. Er frásögnin hvorki meira né minna en til í tveimur gerðum, sem sýnir að lögð hefur verið sérstök áhersla á varðveislu hennar:

A-gerð:

Það er sagt um veturinn, að menn sátu í náðahúsi í Brattahlíð, og þó eigi allir senn, því að sumir stóðu fram í húsinu; þar var Kolur og Starkaður. Það var tal þeirra, að þeir fóru í mannjöfnuð og töluðu um Þorgils og Eirík. (ÍF XIII, 304)

B-gerð:

Frá því er sagt eitthvert sinn um veturinn, að menn sátu í heimilishúsi þar í Brattahlíð, og þó eigi allir senn, því að sumir stóðu fram í húsin, er mannmargt var; þar var Kolur og sveitungar hans. Það er sagt frá tali þeirra, að þeir fóru í mannjöfnuð og ræddu um Þorgils og Eirík. (ÍF XIII, 304)

Það er sama hvora gerðina við veljum. Ekki verður betur séð en þarna sé kamarinn lifandi kominn. Eiríkur hefur þá flutt setstokkana með sér til Grænlands og hefur getað boðið gestum sínum til sætis á þeim í Brattahlíð. Kamarinn sem hér er lýst er mikill og stór, en þó komast færri að en vilja. Slíkar voru vinsældir Eiríks. Því miður hefur ekki tekist að grafa upp þennan kamar, eða eins og segir í neðanmálgrein við frásögnina í Íslenskum fornritum: „Ekki telur Poul Nörlund sig hafa fundið náðhús við uppgröft í Brattahlíð sumarið 1932.“

Við skulum bara vona að þessi hingað til árangurslausa leit að kömrum Eiríks sé ekki vitnisburður um að þeir hafi aldrei verið til, fremur en þeir landafundamenn sem þeim tengjast.

P.S. Skagfirsku afmælisbarninu til ánægju má geta þess að myndarlegt náðhús var komið í Skagafjörð á 13. öld, sbr. frásögn *Sturlungu* af Örlygsstaðabardaga. Það var við hlið kirkjunnar, ekki síðra að stærð, og gegndi í bardaganum svipuðu hlutverki og hún, var skipað „sárum mönnum og þeim, er grið voru gefin“ (*Sturlunga saga* I, 437).

Fylgiskjal: Heimildir

- „Annáll.“ *Flateyjarbók* IV. [Reykjavík]: Flateyjarútgáfan, 1945.
- Eiríks saga rauða. Íslenzk fornrit* IV. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1935.
- Eiríks saga rauða*. Texti Skálholtsbókar AM 557 4to. *Viðauki við Íslenzk fornrit* IV. Ólafur Halldórsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag: Reykjavík, 1985.
- Eyrbyggja saga. Íslenzk fornrit* IV. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1935.
- Flóamanna saga. Íslenzk fornrit* XIII. Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálms-son gáfu út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1991.
- Fritzner, Johan: *Ordbog over det gamle norske sprog*. Christiania: Den norske forlagsforening, 1886.
- Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík: Mál og menning, 1992.
- Grettis saga Ásmundarsonar. Íslenzk fornrit* VII. Guðni Jónsson gaf út, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1936.
- Grænendinga saga. Íslenzk fornrit* IV. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1935.
- Helga Kress. „Njálsbrenna, karnival í Landeyjum.“ *Fyrir dyrum föstru. Greinar um konur og kynferði í íslenskum fornþóknastofa í kvennafræðum*, 1996. [Greinin birtist fyrst í *Strengleikar slegnir Robert Cook* 25. nóvember 1994. Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, 1994].
- Hörður Ágústsson. *Hér stóð bæ. Líkan af þjóðveldisbæ*. Reykjavík: Þjóðhátíðarnefnd 1974, 1972.
- Íslendingabók. Landnámabók. Íslenzk fornrit* I. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1968.
- Jónas Kristjánsson. *Veröld víð. Skáldsaga um ævi og örlög Guðríðar Þorbjarnardóttur*. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1998.
- Kristján Eldjárn. „Hemmelighed. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* VII. København: Rosenkilde og Bagger, 1970.
- Laxdæla saga. Íslenzk fornrit* V. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1934.
- Ólafs saga helga. Heimskringla* II. *Íslenzk fornrit* XVII. Bjarni Aðalbjarnarson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1945.
- Roussell, Aage: *Forntida gárdar i Island*. København: Munksgaard, 1943.
- Saga Íslands* IV. Ritstjóri Sigurður Línal. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1989.
- Saga Ólafs konungs Haraldssonar. Flateyjarbók* II. [Reykjavík]: Flateyjarútgáfan, 1945.
- Saga Ólafs konungs hins helga. Fornmannasögur* IV. Kaupmannahöfn: Hið konunglega norræna fornfræða félag, 1829.
- Sturlunga saga* I. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna, Reykjavík: Sturlungaútgáfan, 1946.

Valtýr Guðmundsson. *Privatboligen på Island i sagatiden samt delvis i det øvrige Norden*. København: Høst & Søn, 1889.
„Þorsteins þáttur skelks.“ *Flateyjarbók* I. [Reykjavík]: Flateyjarútgáfan, 1944.

Bréf til Haralds, 2001

Summary

Valuable Bench-Boards: A Hypothesis

This essay was written as a letter to Haraldur Bessason (1931–2009) to meet editorial guidelines for the volume in which it was originally published, *Bréf til Haralds* [Letters to Haraldur], which honored Professor Bessason on his seventieth birthday.

In *Eiríks saga rauða* (Eirik the Red's Saga) a seemingly trivial dispute sets in motion events that result in voyages of exploration and discovery. Eiríkr loans some “bench-boards” to a neighbor who then refuses to return them. A fight ensues, and Eiríkr kills the neighbor's sons, for which he is outlawed from the district. In exile Eiríkr discovers Greenland and establishes a settlement there, which is followed by the discovery of Vínland by his son, Leifr Eiríksson.

Although the saga never mentions the value of Eiríkr's bench-boards or even describes them, the scholarly consensus is that the bench-boards were “of some merit, possibly carved”, as stated in the foreword to the Íslensk Fornrit edition of the saga. In recent years archaeologists have made excavations at Eiríksstaðir, the reputed site of one of Eiríkr's farmsteads, and reconstructed a “hypothetical farm” to show tourists. A large sign here informs visitors that Eiríkr the Red and his family were forced to flee the country because of “valuable bench-boards”.

The essay advances the tongue-in-cheek hypothesis that Eiríkr's bench-boards, which gave rise to the discovery of new lands, could just as well be privy seats! It presents archaeological, etymological, and historical evidence for this view, along with numerous examples of privies and privy trips in medieval Icelandic literature and evidence from excavations of the saga-era farm at Stöng.